

**Nefndasvið Alþingis
Alþingishúsinu
101 Reykjavík**

Reykjavík, 31. janúar 2021

Efni: Umsögn vegna þingsályktunartillögu, þingskjal 175, 173.mál löggjafarþings 2021-2022.

Vísað er til beiðni nefndasviðs Alþingis um umsögn Laganefndar LMFÍ við framangreinda þingsályktunartillögu, dags. 25. janúar sl.

Fram kemur í þingsályktunartillögunni að hún sé lögð fram samhliða frumvarpi til laga um breytingar á hjúskaparlögum til fyllingar frumvarpinu. Er þar um að ræða þingskjal 174, 172.mál. Í athugasemdum í því frumvarpi segir að það feli í sér sameiningu tveggja fyrri frumvarpa. Annars vegar frumvarps sem lagt var fram á 150. þingi (321. mál) og hins vegar frumvarps sem lagt var fram á 151. þingi (190. mál). Hlutu þau frumvörp ekki afgreiðslu en eru nú lögð fram að nýju með lítils háttar breytingum.

Fram kemur í þingsályktunartillögu þeirri sem óskað er umsagnar um að Alþingi álykti að fela innanríkisráðherra og félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra að taka til endurskoðunar hjúskaparlög nr. 31/1993, ásamt ýmsum reglugerðum. Þá kemur fram að markmið slíkrar endurskoðunar og breytinga væri að stuðla að hraðari málsmeðferð við hjónaskilnaði, ekki síst til að bæta stöðu þolenda heimilisofbeldis.

Laganefnd tekur undir að fullt tilefni sé til heildarendurskoðunar á hjúskaparlögum og reglugerðum tengdum málsmeðferðum á grunni laganna hjá sýslumannsembættum og dómstólum. Margt hefur verið gagnrýnt í þeim efnum á undanförunum árum og sammæli um meðal lögmanna sem starfa í hjúskaparrétti að fjöldamörg ákvæði hjúskaparlaga séu barn síns tíma og þurfi breytinga við.

Varðandi það frumvarp til breytinga á hjúskaparlögum sem þingsályktunartillagan vísar til þá getur Laganefnd tekið að mestu undir þær breytingar sem þar eru lagðar til, en bendir á að frekari breytinga sé þurf. Það þurfi t.a.m. að horfa meira til samspils hjúskaparlaga og barnalaga við málsmeðferð og einfalda þá þætti sem eru sameiginlegir. Þá er Laganefnd einnig þeirrar skoðunar að þörf sé á að endurskoða og jafnvel afnema muninn á skilnað að borði og sæng og lögskilnaði og/eða auðvelda beinan lögskilnað og gera beinan lögskilnað að meginreglu í ferli hjónaskilnaðar. Að lokum má benda á að þörf er á nýjum lagaákvæðum í hjúskaparlög sem auðvelda aðgengi aðila hjónaskilnaðarmála að dómstólum.

Undirrituð er reiðubúin að koma á fund nefndarinnar ef þess er óskað eða með öðrum hætti veita frekari upplýsingar eða umsögn um þingsályktun þessa eða frumvarpið sem hún vísar til.

Virðingarfyllst
f.h Laganefndar LMFÍ
Þyri Steingrímsdóttir hrl.